

Nefndasvið Alþingis/allsherjarnefnd  
c/o Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/554*  
*komudagur 8.7.2009*

Reykjavík 8. júlí 2009

Hér á eftir fer sameiginleg umsögn útvarpsstjóra og stjórnar Ríkisútvarpsins um „frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 89. mál“ - í samræmi við bréflaga ósk frá allsherjarnefnd dags. 16. júní s.l.:

Ríkisútvarpið er andvígt þeirri breytingu á lögum um Ríkisútvarpið sem felst í 65. grein ofangreinds frumvarps. Í breytingartillöggunni er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra fari með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf. – í stað menntamálaráðherra eins og núgildandi lög kveða á um.


Ríkisútvarpið telur að miðað við inntak og eðli starfseminnar, lögbundnar skyldur og hlutverk RÚV sem fjölmiðils og menningarstofnunar í almannaeigu og almannáþjónustu, sé eignarhaldi á RÚV best fyrir komið í fagráðuneyti menningar- og menntamála.

Þetta eru sömu grundvallarsjónarmið og ríkja t.d. í Noregi, þar sem sama rekstrarform er haft á þeirra ríkisútvarpi, NRK, og gildir hér á landi um RÚV, þ.e. hlutafélag í eigu ríkisins. Í Noregi er það atvinnu- og viðskiptaráðuneytið (nærings- og handelsdepartementet) sem í langflestum tilvikum fer með eignarhlut ríkisins í félögum og stofnunum - en þó ekki í NRK. Þar er gerð undantekning og eignarhaldið haft í menningar- og kirkjuráðneytinu (kultur- og kirkedepartementet) með sömu rökum og tilfærð eru hér að ofan. Þessi skipan mála í Noregi hefur komið til endurmats nokkrum sinnum á síðasta áratug en alltaf með sömu niðurstöðu: eignarhaldi á almannáþjónustuútvarpi er best fyrir komið hjá fagráðuneyti menningar- og menntamála. Þessi skipan mála varðandi eignarhald á NRK hefur nýverið hlotið blessun ESA.

Ríkisútvarpið telur sömu grundvallarsjónarmið einnig gilda hér á landi og er því andvígt þeim breytingum sem lúta að Ríkisútvarpinu í ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar RÚV

  
Páll Magnússon,  
útvarpsstjóri

  
Svanhildur Kaaber,  
stjórnarformaður